



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

101 stjórnarfundur (símafundur) haldinn miðvikudaginn 23. september 2015

Fundarsími 7557755 / 2233344

Mættir voru Jóhann Gísli Jóhannsson, Anna Ragnarsdóttir, Hraundís Guðmundsdóttir, Sighvatur Jón Þórarinnsson, María E Ingvadóttir og Hrönn Guðmundsdóttir.

Formaður bauð fundargesti velkomna og gekk svo til dagskrár.

1. Nýr búnaðarlagasamningur: Formaður og framkvæmdastjóri fara á fund með BÍ þar sem rætt verður um nýja búnaðarlagasamning og möguleika LSE að fá samningu um fjárhag til nokkurra ára um ákveðin verkefni sem LSE leggur áherslu á.

Hugmyndir LSE um það sem gæti farið inn í búnaðarlagasamning. Skógarbændur leggja land undir skógræt með ýmsum áherslum eins og t.d. nytjaskógrækt, beitarskógrækt, iðnaðarskógrækt, jólatrjáarækt, skjólbeltarækt og fl. Skógarbændur vilja fá greitt fyrir landnotkun undir skógrækt þar sem kolefnisbinding er að byggjast upp. Skógrækt er ein tegund landnotkunar. LSE leggur áherslu á að ef gerður verði samningur við samtökin að LSE verði inn í þeirri vinnu en BÍ semji ekki einhliða fyrir LSE. Mikilvægt að LSE hefi um málið að segja.

Rætt var um rétt sauðfjárbænda að taka land undir rétt. Samkvæmt lögum má taka land undir rétt, allt nema tún. Þarf að fá þessu breitt í ræktað land. Framkvæmdastjóra falið að kanna löggjöf er varðar málið og upplýsa stjórn

2. Sameining skógargeirans í eina stofnun formaður fór yfir stöðu mála í þeirri vinnu. Stjórn LSE leggur ríka áherslu á að fjármagn verði eyrnamerkt ákveðnum verkefnum og sérstaða landshlutaverkefnanna haldi sér.
3. Aðalfundur LSE 2015: Undirbúningur aðalfundar er í fullum gangi og skráning á fundinn gengur ágætlega.
4. Tillögur fyrir aðalfund: Rætt var um tillögur um félagsgjöld hvort þau eigi að vera óbreytt. Stjórn samþykkti að leggja til að félagsgjöld verði óbreytt.

Lagt til að í skírslu formanns verði verkáætlun fyrir næsta ár.

5. Önnur mál /
 - a. Ungmennafraeðslan: Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd um ungmennafraeðslu í samstarfi við LBHÍ, LSE, LHV, Skógræktarfélagin, skógarbændur og sveitarfélög. Hugmyndin er að búa til samstarfsverkefni um bóklega og verklega fraeðslu í samstarfi við þessa aðila. Málið er á frumstigi og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
 - b. Úrvinnsla skógarafurða: Verkefnið á Austurlandi er í fullum gangi, verið að vinna ýtarlegri markaðsgreiningu, tækjagreiningu og uppfæra viðskiptaáætlun og stefnt að opinni kynningu þann 18. nóv. næstkomandi.

- c. Fulltrúar í stjórn LSE: Rætt um hverjir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í LSE. Fulltrúi norðlendinga gefur ekki kost á sér að allir aðrir gefa kost á sér. Nýr fulltrúi gefur kost á sér fyrir félagið á Norðurlandi.

Ekki fleira gert og fundi slitið.